

13. *Stjórn F.S.A. Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.*
  14. *Stjórn Sparisjóðs Norðlendinga. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996.*
  15. *Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar. Tveir aðalmenn úr hópi bæjarfulltrúa og tveir til vara. Jafnframt eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar STAK og tveir til vara og bæjarstjóri sem er formaður, sbr. 4. gr. reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar frá 1. febrúar 1994 ásamt breytingum frá 18. apríl 1996.*
- D. **Aðrar nefndir** sem stofnaðar verða.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 8. júlí 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á „deiliskipulagi Suðrhafnar“, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. apríl 2002 breytingu á „deiliskipulagi Suðrhafnar“, Hafnarfirði.

Breytingin felst í meginatriðum í því að verið er að leggja niður götuna Suðurgarð og færa til götur B og Cuxhavengötu, samfara því verða breytingar á lóðum og byggingareitum. Jafnframt er lóð A á reit 5.4c skipt í tvennt og heimiluð olúbirgðastöð á henni.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 10. júlí 2002.*

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, strandhverfi við Arnarnesvog.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að á áður óbyggðu svæði og hafnarsvæði er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun fyrir íbúðir, verslun, þjónustu og stofnanir og á afmörkuðu svæði iðnaði. Svæði meðfram strönd að fyllingu verður opið, óbyggt svæði. Gert er ráð fyrir um 760